

Samþykktir Menntunarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SSF. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SSF 2001. Sjóðurinn er í vörslu Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga: Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum SSF. Atvinnulausir félagsmenn SSF sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu. Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fynnist á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

Stjórn og rekstur

- Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.
- Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma.

- Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

Slit sjóðsins

Nú er SSF lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt svo á 43.þingi SSF 2007.

Endurskoðað á 44. þingi SSF 19. mars 2010,
á 47. þingi SSF 22. mars 2019.